

Borgarstjórinn í Reykjavík, Dagur B Eggertsson  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík

### **Verkefni Innri endurskoðunar á tímum heimsfaraldurs kórónaveiru**

Atburðarás undanfarna daga hefur verið hröð, aðgerðaráætlun neyðarstjórnar borgarinnar virkjuð vegna útbreiðslu Covid 19 veirunnar og mikið álag er á stjórnendum fagsviða borgarinnar við að tryggja sem minnsta truflun á daglegan rekstur.

Innri endurskoðunaráætlun ársins sem samþykkt var í endurskoðunarnefnd í byrjun janúar var unnin við allt aðrar aðstæður en nú eru uppi og því er nauðsynlegt að endurskoða forgangsröðun verkefna. Undirritaður hefur í samráði við formann endurskoðunarnefndar og formann borgarráðs ákveðið að setja verkefni á endurskoðunaráætlun 2020 sem ekki eru hafin í biðstöðu, hægja á verkefnum í vinnslu og í sumum tilfellum verður verkefnavinna stöðvuð í samráði við stjórnendur. Við munum því einbeita okkur að innra starfi og því að skipuleggja sameiningu eftirlitseininga í samræmi við tillögu er borgarráð hefur samþykkt.

Áhættustýring snýst ekki síst um að draga úr áhrifum atburða á borð við heimsfaraldur þann er nú geisar og kallar á alla athygli stjórnenda. Við þessar aðstæður er það mat undirritaðs að Innri endurskoðun geti helst verið virðisaukandi með því að skapa svigrúm, fylgjast með framvindunni og ekki síst að vera ráðgefandi í tengslum við viðbragðsáætlanir. Hjá Innri endurskoðun starfa sérfræðingar með fjölbreyttan bakgrunn sem veitt geta hlutlæga, viðeigandi og margvíslega aðstoð og ráðgjöf við ýmis konar greiningarvinnu sem létt geta undir hjá þeim aðilum sem eru undir mesta álaginu. Besta framlag Innri endurskoðunar á þessum tíma er því að spyrja neyðarstjórn borgarinnar: „Hvernig getum við hjálpað?“

Til lengri tíma munu viðbrögð borgarinnar hafa áhrif á orðspor hennar og ásýnd og því mikilvægt að viðbrögð séu hröð og fagleg. Við viljum þannig leggja okkar af mörkum í þessum aðstæðum sem upp eru komnar og bjóðum fram krafta okkar í þeim efnum.

Virðingarfyllt,



Hallur Símonarson  
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar